

Alþingi

Erindi nr. P 116 / 561

Isomudagur 11 / 12 1992

Reykjavík 9 des. 1992

Virðulegi Alþingismaður:

Ég er einn af þeim sem er svo ríkur að eiga fjögur yndisleg börn. Þannig hagar málum hjá mér að ég borga meðlag með þeim. Ég er lónaðarmaður og vinn hjá Reykjavíkurborg og er með í laun um 80.000.- kr á mánuði. Í dag borga ég 30.200.- kr í meðlög á mánuði. Fyrir 4 árum varð ég fyrir slysi og gat þá ekki borgað meðlög í 18. mánuði. Þar sem ég vil vera skilamaður vildi ég semja við innheimtustofnun Sveitarfélaga. Sá samningur sem mér var boðinn var að borga með mínum fjórum börnum og að ég borgaði tvö meðlög upp í skuld. (Ekki var hægt að fá að borga bara eitt upp í skuld) Ég samþykki þetta samkomulag. Í dag gerir þetta 45.300.-. Þetta er hægt með lagni. Ef þetta dæmalausa vitlausa frumvarp um hækkun á meðlögum um 50% verður að lögum þarf stjórnin að koma með leiðarvísir með þessu frumvarpi um meiri lagni enn ég hef ástundað. Launin áfram 80.000.- meðlög 67.800.- = 12.200.-

Með fyrir fram þökk.

Einn sem kaus ykkur.